

Orlofshúsin – fjölmargir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og styrki.

Í sumar verða í boði þrjú hús á Illugastöðum, sem er fjölgun um eitt hús frá síðasta ári, hús í Flókalundi í Vatnsfirði, hús á Einarstöðum á Héraði, orlofshúsið Skógarsel í Vaglaskógi, íbúð í Bolungarvík og orlofshús í Kötluholti í Biskupstungum á Suðurlandi. Þá verða í boði þrjár íbúðir sem félagið á í Mánatúni 3 í Reykjavík.

Athugið! Leyfilegt er að hafa með sér gæludýr í bústaðinn Kötluholti í Biskupstungum, en gæludýr eru stranglega bönnuð í öðrum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.

Auk orlofshúsa býður félagið 75 orlofsstyrki allt að kr. 15.000 vegna gistikostnaðar á árinu 2013. Einnig verða í boði, eins og sl. sumar, niðurgreiddir gistimiðar á Edduhótelin og Fosshótelin á kr. 6.000.

Félagsmenn geta líka keypt miða í

Hvalfjarðargöngin, veiðikort og golfkort á skrifstofu félagsins og jafnframt er hægt að sækja um útilegukort.

Nánar er sagt frá þeim húsum, íbúðum og styrkjum sem í boði eru í sumar á bls. 6, 7 og 8 í fréttabréfinu.

Rafrænar umsóknir

Sótt er um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á www.fvsa.is, og því fylgir ekki umsóknareyðublað með fréttabréfinu.

Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta komið á skrifstofuna og fengið aðstoð.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 20. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðarmót mars/apríl.

Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavefnum 4. apríl kl. 12:00. □



Á aðalfundi félagsins fékk Friðbjörg Jóhannsdóttir smá þakklætisvott fyrir störf hennar í þágu félagsins, en Friðbjörg gaf ekki kost á sér til áframhaldandi trúnaðarstarfa.

Afsláttarkort AN

Nýlega var tekið í notkun Afsláttarkort AN, sem er líka Tvennukort Olís og ÓB. Kortið er samvinnuverkefni allra aðildarfélaga Alþýðusambands Norðurlands.

Kortið er staðgreiðslukort sem

tryggir góðan afslátt af vörum og þjónustu hjá Olís, ÓB og einnig þeim fjölmörgu samstarfsaðilum sem gert hafa samning við Afsláttarkort AN. Það eina sem þarf að gera er að framvísa kortinu þegar greitt er.

slík samvinna væri félagsmönnum svæðisins til góðs og var ákveðið að stofna kortanefnd félaganna. Mikil undirbúningsvinna tók við áður en kortið var tekið í notkun í desember á síðasta ári.

Á heimasíðum aðildarfélaga AN er hægt að kynna sé alla þá fjölmörgu afslætti sem félagsmönnum standa til boða, en sífellt er verið að vinna að því að fjölga samstarfsaðilum til hagsbóta fyrir félagsmenn.

FVSA sendi kortið í pósti til allra félagsmanna, en ef einhver hefur ekki enn fengið kort þá er hægt að nálgast það á skrifstofu félagsins. □



Af hverju?

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri óskaði eftir því á þingi Alþýðusambands Norðurlands haustið 2011 að félagin myndu berjast sameiginlega fyrir afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Félagin voru sammála um að

Aðalfundur FVSA 2013



Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 25. febrúar sl. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Gestur fundarins var Stefán Einar Stefáns-son, formaður LÍV, en einnig mætti Vilborg Arna Gissurardóttir pólfari á fundinn og flutti frábært erindi sem bar nafnið *Lífs-spor sóló á Suðurpól – kraftur markmiða og drauma*. Í lok fundar komu fjölmargar fyrirspurnir frá fundargestum til Vilborgar og urðu góðar umræður um ferðalagið.

Um síðustu áramót voru félagsmenn 2.143; sem er fjölgun um rúmlega 100 frá fyrra ári. 950 karlar og 1.193 konur. Þar af eru 316 lífeyrisþegar. Þegar Úlfhildur kynnti skýrslu stjórnar kom fram að starfsemi félagsins hefði verið með hefðbundnum hætti á síðasta ári. Hún sagði að nú væri komin rúmlega árs reynsla á breytingarnar sem gerðar voru á skrifstofuhúsnæði félaganna á 3. hæð Alþýðuhússins. „Við teljum öll að þetta hafi verið gæfuspor og til góðs að hafa sameiginlega afgreiðslu og meiri samvinnu félaganna sem hlut eiga að máli.“

Úlfhildur sagði að nýju íbúðirnar í Mánatúni væru mjög vinsælar, „þær eru afskaplega vel nýttar og reynslan

sýnir að löngu var tímabært að fjölga um eina orlofsíbúð í Reykjavík.“

Kjaramálin

Í skýrslu stjórnar kom Úlfhildur inn á kjarasamninginn, en gildandi kjarasamningur var með opunarákvæði 1. febrúar sl. ef forsendur hans hefðu ekki staðist. „Ljóst var að mörg ákvæði stóðust ekki, aðallega ákvæði sem sneru að samkomulagi við ríkisstjórnina. Mikil fundahöld voru um málið, hvort segja ætti samningnum upp eða reyna að fá honum breytt og voru haldnir formannafundir ASÍ bæði í desember og janúar.“

Úlfhildur sagði að stjórn félagsins hefði fengið formann LÍV, Stefán Einar, sem á sæti í samninganefnd ASÍ til að koma á fund með stjórn, trúnaðarráði

og trúnaðarmönnum á vinnustöðum þann 10. janúar sl. Þar fór hann yfir stöðuna með fundarmönnum.

„Niðurstaða samninganefndar ASÍ varð svo sú að segja samningnum ekki upp, en samkomulag náðist við SA um styttingu á samningnum þannig að hann rennur út 30. nóvember nk. Samið var um aukin framlög til Starfsmenntasjóða stéttarfélaganna. Bókun var gerð um bætt vinnubrögð við samningsgerð, um áframhaldandi vinnu að jöfnun lífeyrisréttinda, og um vinnu gegn svartri atvinnustarfsemi, kennitölufлакki og bættri framkvæmd útbodsmála.“

Samkvæmt samningnum hækkuðu launin frá 1. febrúar um 3,25%, „en það er ömurlegt að fylgjast með því hvernig hækkanir dynja yfir hjá þeim sem hafa aðstöðu til að hækka bæði vöru og þjónustu og eru þá ekki ríki og sveitarfélög undanskilin,“ sagði Úlfhildur.

Að lokum bauð Úlfhildur nýtt fólk velkomið til starfa og þakkaði öllu því góða fólk sem starfaði fyrir félagið á síðasta ári. Starfsmönnum á skrifstofu, stjórn og varastjórn, trúnaðarráði félagsins, trúnaðarmönnum og skoðunarmönnum reikninga. Þá sagði hún að alltaf verði einhverjar breytingar í trúnaðarstöðum hjá félaginu. „Fyrir hönd stjórnarinnar býð ég nýtt fólk velkomið til starfa, einnig nýja félagsmenn og óska þess að við megum eiga gott samstarf á komandi starfsári. Ég vil að lokum biðja Friðbjörgu Jóhannsdóttur að koma hingað og taka við smá



Leikhúsferð

FVSA, ásamt fleiri stéttarfélögum í Alþýðuhúsinu, býður lífeyrisþegum sínum að sjá leikritið **Djárninn á Myrká** sem sýnt verður að Melum, Hörgárdal, laugardaginn 16. mars.

Höfundur og leikstjóri verksins er Jón Gunnar Þórðarson, tónlist er eftir Skúla Gautason.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofunni í síma 455 1050.

þakklætisvotti frá félaginu fyrir hennar störf í þágu félagsins, en Friðbjörg gaf ekki kost á sér til áframhaldandi trúnaðarstarfa.“

Blóð sviti og tár

„Síðasta daginn snjóaði mjög mikið en klukkan tvö birti aftur til og ég sá pólstöðina. Þá fór í gang tilfinningarússí-bani; ég sá fyrir endann á ferðalaginu og háskældi. Fór svo að skellihlæja og þannig gekk það koll af kolli,“ sagði Vilborg er hún lýsti síðustu metrunum að suðurpólnum í erindi sínu. : „Ég hélt ég myndi springa, ég var svo glöð að ná markmiði mínu.“

Erindið fjallaði ekki aðeins um ferðina á suðurlólinn heldur þroskasögu hennar. „Þegar ég var 18 ára vissi ég ekki hvað ég ætlaði að gera í lífinu, var týnd og vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að stíga.“ Hún sagðist hafa sett eitt met á þessum árum, þ.e. að vera rekin úr þremur menntaskólum. „Mér þótti

þetta leiðinlegt, þó ég léti á engu bera, og mér leið illa yfir þessu. Þegar ég svo varð tvítug var ég enn á sama stað í lífinu. Vinir mínir voru að útskrifast af hinum og þessum brautum en ég var á sama stað.“ Hún sagði að sá brandari hefði gengið í fjölskyldunni að hún væri margskólagengin en ekki langskólagengin. „En það er ekki þar með sagt

að þó manni mistakist einu sinni að það verði alltaf þannig.“

Það er dýrt að fara í leiðangur sem þennan en á endanum tókst henni að safna því sem hún þurfti. „Ég þurfti að fórna ýmsu til þess að komast af stað, en sé ekki eftir því. Ég var staðráðin í því að komast á pólinn.“ ▣



Stjórn og trúnaðarráð

Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og trúnaðarráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.

Ein breyting varð á aðalstjórn félagsins þar sem Hildur Tryggvadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en fer í varastjórn í staðinn. Ný í stjórn kemur Sigríður Stefanía Stefánsdóttir. Í stjórninni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Anna María Elíasdóttir Rammi hf. Ólafsfirði; Eiður Stefánsson FVSA og Sigríður S. Stefánsdóttir Samskip.

Í varastjórn eru Árni Þorvaldsson BYKO, Hildur Tryggvadóttir Húsamiðj- unni og Jón G. Rögnvaldsson Penn- anum. Tvær breytingar urðu á vara- stjórninni, Jón kom inn í stað Einars Pálssonar og eins og áður segir kom Hildur inn í stað Friðbjargar Jóhannsdóttur sem hættir nú stjórnarsetu eftir

marga ára veru. Viðtal við Friðbjörgu má finna á bls. 12.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörin þau Gylfi Pálsson, Fóður- sölunni-Bústólpa og María Ingadóttir Grófargili. Til vara voru kjörnar þær Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir, KEA hótél og Brynhildur Pétursdóttir frá Neytendasamtökunum.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð félagsins er skipað af 21 félagsmanni (5 stjórnarmönnum, 3 vara- stjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félags- mönnum til viðbótar kosnum á aðal- fundi.)

Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagsmenn í trúnaðar- ráði:

Anna Kristín Árnadóttir, Norðlenska Stefán Jónsson, Húsamiðjan Ingvar Gunnarsson, BYKO Laufey Ingadóttir, Nettó Erla Bjarnadóttir, Höldur Guðmundur L. Helgason, VÍS

Sigurlaug Hinriksdóttir, Strax Byggðavegi Kristín Hjaltalín, Kjarnafæði Helga Eymundsdóttir, Blikkrás Helga Steingrímsdóttir, Úrval Hrísalundi Margrét Brynjólfssdóttir, Ferro Zink Halldór Óli Kjartansson, Markaðsstofa Norðurlands Baldur Ingi Karlsson, Ljósgrjafinn
Til vara: Drífa Pétursdóttir, Flugfélag Íslands Hanna Sigríður Magnþórsdóttir, Bónus Erna Magnúsdóttir, BSO Áslaug Júlíusdóttir, Eimskip Jónas Sveinsson, Flugfélag Íslands Sigurbjörg Gunnólfssdóttir, Primex ehf Laufey D. Guðbjargardóttir, Rúmfatalagerinn Gíslína Benediktsdóttir, Brauðgerð Kr.Jónssonar Inga Randversdóttir, Hagkaup

Stjórn sjúkrasjóðs:

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA Guðríður Þorsteinsdóttir, Apótekarinn Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir, Brauðgerð Kr.Jónssonar Álfhildur Vilhjálmsdóttir, Vífelfell Þórdís Bjarnadóttir, Höldur
Til vara: Signý Sigurðardóttir, Nettó Lilja S. Jóhannsdóttir, Lyf og heilsa Kristín Þorgilsdóttir, FVSA ▣

„Hef brennandi áhuga á kjaramálum“

Á síðasta aðalfundi urðu breytingar á aðalstjórn félagsins. Sigríður Stefánía Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Samskip, kom ný í stjórnina í stað Hildar Tryggvadóttur sem komin er í varastjórn félagsins eftir nokkurra ára setu í aðalstjórn.

Sigríður kemur úr Skagafirði en hefur búið á Akureyri í tæp 17 ár. Hún á stóra fjölskyldu og má til gamans segja frá því að þír meðlimir á heimilinu eru félagsmenn FVSA. Undanfarin tæp átta ár hefur hún unnið hjá Samskip en þar á undan vann hún m.a. hjá Capacent Gallup og sem stuðningsfulltrúi í skóla. „Ég hef unnið fjölbreytt störf, alveg frá verkamanninum og upp í skrifstofuna. Ég segi með stolti að ég hafi náð að vinna á verksmiðjunum, því fyrsta starfið mitt á Akureyri var þar.“

Aðspurð segist Sigríður ekki beint hafa verið mjög virk í starfinu og í raun ekki vita út í hvað hún er að fara en segist hafa brennandi áhuga á kjaramálum fólks. „Það er aðalmálið. Aðalmálið er að fólk viti um réttindi sín og hef ég reynt að miðla því til þeirra sem ég starfa með. Ég hef verið mjög virk í að kynna mér ýmsa þætti varðandi kjaramál og hef líka farið á þau námskeið og fundi sem mér ber sem trúnaðarmanni. Svo þannig hef ég verið virk fyrir félagið, en í nokkur ár hef ég verið trúnaðarmaður og hef lokið flestum námskeiðum tengdu því starfi. Tek einmitt síðustu tvö eftir nokkrar vikur.“

- Muntu koma inn með nýjar áherslur eða hugmyndir í stjórnina?

Ég er búin að fylgjast með þessum málum í langan tíma en þarf auðvitað að kynna mér nákvæmlega hvað felst í því að vera komin í stjórn félagsins. Ég kem frekar ung inn í stjórnina, er aðeins yngri en þeir sem nú þegar eru í henni, og efast ekki um að ég muni koma inn með nýjar hugmyndir.

- Þarf að gera eitthvað meira til að ná til yngri félagsmanna?

Kannski er eitthvað um að fólk á mínum aldri sé að kynna sér þessa

hluti en ég held að það sé ekki nægileg virkni hjá þeim sem eru á milli tvítugs og þrítugs. Þessu verðum við að breyta. Mjög margir sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn vita ekkert um þessi mál. Það er mjög slæmt. Ég veit að það er verið að kynna hreyfinguna í grunnskólunum en ég er ekki viss um að það nái lengra. Fyrsti launaseðillinn kemur til þeirra en þau kunna ekki að lesa úr honum. Það er

einn þarna inn á milli sem er í þeim hópi. Það er svo mikilvægt að fólk átti sig á að hvað starfið er mikilvægt. Það er mikil vinna búin og fólk sem er ungt í dag áttar sig sennilega ekki á því hversu gríðarleg barátta hefur farið fram til að ná því sem við teljum sjálf-sagt í dag. Þessi vinna er ekkert að hætta, við þurfum stöðugt að halda baráttunni áfram. Við sem erum aðeins eldri áttum okkur flest á hve



líka svo margt sem nauðsynlegt er að vita sem getur auðveldlega farið framhjá þeim. Ég get nefnt dóttur mína sem dæmi. Hún hóf störf hjá ákveðnu fyrirtæki hér í bæ sem starfar víða um land og á fyrsta launaseðlinum hennar sá ég að hún var að borga í VR. Hún vissi ekki að hún ætti að borga í FVSA. Það eru svona atriði sem skipta máli og því þarf að virkja unga fólk til betri vitundar um þessi mál.

- Hvernig finnst þér fundarsóknin vera?

Yfirleitt sér maður sama fólk á fundum og það er algengt að það séu starfandi trúnaðarmenn. Við verðum að finna leiðir til að virkja bæði unga fólk og eins almenna félagsmenn sem ekki eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Auðvitað er alltaf einn og

mikið er búið að gerast á undanförunum áratugum sem skipta ofboðslega miklu máli sem þeim yngri finnst bara sjálf-sagt. Ég vil því hvetja alla til að sjá hvað við erum að gera og um hvað þetta snýst.

- Eitthvað að lokum?

Mér finnst mjög spennandi að fá tækifæri til að taka þátt í þessu starfi og mun reyna að láta gott af mér leiða. Eins og ég sagði áðan þá hef ég lengi haft áhuga á þessum málum og reyni oft að miðla til fólksins. Mér finnst stundum sem þau séu sofandi á réttindum sínum og þori jafnvel ekki að sækja þau. Það þarf að standa vörð um sjálfan sig, þ.e. þau réttindi sem við höfum, og láta ekki brjóta á sér í starfi. □

Starfsdagur trúnaðarmanna

Föstudaginn 25. janúar sl. var haldinn árlegur starfsdagur trúnaðarmanna félagsins sem tókst í alla staði mjög vel. Dagskráin hófst kl. 13:00 með erindi Halldórs Oddssonar, lögfræðings hjá ASÍ, sem fjallaði m.a. um vinnumarkaðinn, ýmis lagaleg og kjarasamningsleg réttindi, skiptingu í opinberan og almennan vinnumarkað o.fl. Ástríður Valbjörnsdóttir, frá SVS, kynnti tillögur að nýjum reglum fyrir Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Trúnaðarmenn félagsins kusu átta fulltrúa úr sínum hópi og fjóra til vara í trúnaðarráð félagsins fyrir næsta starfsár og að lokum var Afsláttarkort AN kynnt fyrir fundargestum.



Að lokinni dagskrá var farið í heimsókn til Símeysjar þar sem Valgeir Magnússon tók á mótí hópnum og

kynnti starfsemina. Er þeirri heimsókn lauk var sameiginlegur kvöldverður með söng og skemmtilegheitum. □

Nýtið ykkur starfsmenntasjóð!

343 styrkir voru veittir til félagsmanna á árinu 2012 úr starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, alls að upphæð kr. 7.926.000. Upphæð styrkja voru því að meðaltali um 23 þúsund. Inngreiðslur í sjóðinn voru rúmar 10 milljónir frá atvinnurekendum og mótframlag félagsins var um 2,6 milljónir.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína

til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tólmstundanámskeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkenndum aðilum. Endurgreiðsla miðast við punktasöfnun félagsmanns, sem myndast vegna félagsgjalda.

Nánari upplýsingar er að finna á www.starfsmennt.is □



Samfélagsstyrkir

Félagssjóður styrkti fyrir jólin sameiginlegt starf líknarfélaga um kr. 400.000, en nú starfa saman Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn.

Í tilefni 150 ára afmælis Akureyrarbæjar, styrktu stéttarfélögin framtakið Hreyfing fyrir alla um kr. 150.000, en

það var átak um ýmiskonar hreyfingu og heilsurækt fyrir 60 ára og eldri. Hagsmunasamtök heimilanna fengu styrk að upphæð kr. 25.000 til sinnar starfsemi. Þá voru aðrir styrkir og styrktarlínur til ýmissa félagasamtaka að upphæð kr. 70.000 auk árlegs framlags til Neytendasamtakanna. □

Laun hækkuðu um 3,25%

Samkvæmt kjarasamningum FVSA og LÍV hækkuðu laun um 3,25% frá og með 1. febrúar sl. Athugið að launahækkunin tekur til launa fyrir febrúarmánuð og á því að koma til greiðslu þann 1. mars 2013.

Farið varlega!

Þar sem heitur pottur er við orlofshús er aldrei of varlega farið. Því minnum við á þá góðu reglu að láta börnin aldrei vera án umsjónar í eða við heita pottinn og setja lokið yfir hann þegar hann er ekki í notkun. Þó stöðugt sé leitast við að hafa blöndunartæki í lagi og búnað pottanna sem öruggastan geta alltaf komið upp þau tilvik að eitthvað gefi sig fyrirvaralaust og því er alltaf góð regla að prófa hitastig vatnsins með hendinni áður en stokið er út í.

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfríð verði áfallalaust og allir komi kátir heim! □

Reykjavík

Í fyrra fékk félagið afhentar þrjár nýjar íbúðir í Mánatúni 3 í Reykjavík. Tvær eru þriggja herbergja og ein fjögurra herbergja. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar. Það þarf að taka með sér lín á rúm og handklæði. Hægt er að leigja lín hjá umsjónarmanni með viku fyrirvara í síma 822 5249.

ATHUGIÐ! Íbúðirnar eru reyklaugar og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Þriggja herbergja íbúðirnar eru á fjórðu hæð. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél og baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir sjö manns í hvorri íbúð og að auki er barnarúm og barnastóll í íbúðunum.

Fjögurra herbergja íbúðin er einnig á fjórðu hæð. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir 10 manns og að auki er barnarúm og barnastóll.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Verð:

3 herb. íbúð kr. 22.000

4 herb. íbúð kr. 28.000

Leigutími: Allt árið. (sumarleiga frá 5. júní til 21. ágúst.)

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.



Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á orlofsstyrki og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2013 verða í boði 75 orlofsstyrkir að upphæð allt að kr. 15.000. Styrkirnir eru veittir vegna gistikostnaðar á almanaksárinu 2013, sem er nýtt.

Í ár verður einnig hægt að sækja um útilegukortið, alls 25 kort verða í boði. Kortið kostar kr. 13.900. Nánari upplýsingar um kortið má finna á www.utilegukortid.is

Þeir sem áhuga hafa á að ná sér í útilegukort þurfa að sækja um slíkt á sama hátt og þegar sótt er um orlofshús eða styrk. **Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 20. mars 2013. Sótt er um orlofshús og orlofsstyrki á félagavefnum. Sækja má um orlofshús, orlofsstyrk og útilegukort en aðeins er hægt að fá einu af því úthlutað. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðarmót mars/apríl.**



Eins og undanfarin sumur mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á Edduhótelin og Fosshótelin á kr. 6.000. Nánari upplýsingar um staðsetningar hótela má finna á www.hoteledda.is

og www.fosshotel.is.



Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri. Það gildir á 35 vatnasvæði um land allt og kostar kr. 5.500. Nánari upplýsingar um kortið má finna á www.veidikortid.is.

Ákveðið var að bjóða golfkortið 2013 til sölu á skrifstofunni í ár. Einstaklingskort kostar kr. 7.000 og Fjölskyldukort kr. 11.000. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á www.golfkortid.is.

Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 635.

Ath! hægt er að greiða með greiðslukorti.

Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða 2013 og 2014

Þann 6. ágúst 2013 kl. 09:00 verður opnað á félagavefnum bók-unartímabil frá 23. ágúst 2013 til 30. maí 2014. Hver félagsmaður getur að hámarki bókað tvær bókanir á hverju tímabili. Félagsmenn athugið að vetrarleiga mun kosta orlofspunkta, mis mikið eftir húsum.

Greiða þarf við bókun.

Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins, www.fvsa.is □

Illugastaðir: Hús nr. 2, 12 og 19

Þrjú hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í húsum nr. 2 og 12 eru svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsofa í stofu. Hús nr. 19 er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufu- bað og baðherbergi með sturtu. Á efri hæðinni er sofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns í húsinu auk svefnsofa í stofu og borðstofu. Heitur pottur er við bæði húsin. Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklusir og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér



Hús nr. 19.

á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Verð:

Nr. 2 og 12: kr. 19.000
Nr. 19: kr. 22.000

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 31. maí til 23. ágúst)

Skógarsel, Vaglakógi

Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglakógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð sofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Gistipláss er fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór afgirtur sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppþvottavél.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 17 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Verð kr. 40.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 31. maí til 23. ágúst)



Kötluholt í Biskupstungum

Bústaðurinn er staðsettur í landi Tjarnar rétt við Syðri-Reyki. Mjög stutt frá Reykholti. Bústaðurinn er um 65 fermetrar, í honum eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts. Leigjendur verða að taka með sér lín og handklæði. Í bústaðnum er þvottavél. Heitur pottur er við bústaðinn.

ATH! Bústaðurinn er reyklus en leyfilegt er að hafa með sér gæludýr.

Skiptidagar /Lyklar: Orlofshúsið er leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykklaskáp sem er staðsettur við útidyr, skila skal lykklum í lykklaskápinn við brottför. Umsjón hefur Brá Guðmundsdóttir, sími 693 3469.

Okkar álit: Gott útivistarsvæði með gróinni lóð allt í kring. Stutt að fara: til nokkurra af þekktustu ferðamannastöðum landsins s.s. Gullfoss og Geysi, Skálholt, Laugarvatn, Þingvelli og Flúðir svo eitthvað sé nefnt.

Verð: Kr. 30.000

Leigutími: Í leigu frá 14. júní til 16. ágúst.



Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Þessi staður nýtur mikilla vinsælda á meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa, eldhús með öllum algengustu eldhústækjum eins og hellu með ofni og örbylgjuofni. Sjónvarp er í húsinu og kolagrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklauss og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar/Lyklar: Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 14:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykklaskáp sem staðsettur er við útidyr á húsi nr. 8. og skal lykklum skilað í lykklaskápinn aftur við brottför. Umsjónarmaður er Gunnar Karl Garðarsson, sími 456 2044.



Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

Leigutímabil: 21. júní til 23. ágúst.

Verð: Kr. 19.000,-

Einarsstaðir

Húsið sem er nr. 19 er 45 fermetrar að stærð og skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjum er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn eru við húsið. **Árið 2011 var settur heitur pottur við húsið.** Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklauss og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Í lykklaboxi á bústað.



Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Leigutími: 21. júní - 23. ágúst.

Verð kr. 19.000,-

Bolungarvík

Íbúð í fjölbýlishúsi á annarri hæð að Stigahlíð 4. Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, stofa og eldhús eru samliggjandi. Baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 7. Sjónvarp og dvd-tæki í stofu. Hjónaherbergi er með tvíbreiðu rúmi, herbergi með kofum fyrir fullorðna, sú neðri tvíbreið og annað herbergi með tveimur kofum. Sængur og koddar eru í íbúðinni fyrir 6, en hægt er að fá rúmföt og handklæði leigð. Þvottahús er í kjallara.

Skiptidagar: Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hana eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni Guesthouse Mánafell í Holtabrún 21. Leigutaki verður að vitja lykla á auglýstum tíma. Ef það dregst er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita í síma 863-3879 eða arndis@vestfiridir.is



Okkar álit: Bolungarvík er ákjósanlegur staður fyrir þá sem vilja dvelja á Vestfjörðum og skoða sig um þar. Á staðnum er góð þjónusta, góð og vel útbúin sundlaug, söfn og margt að sjá bæði á Bolungarvík og í næsta nágrenni.

Leigutímabil: 7. júní til 23. ágúst.

Verð: Kr. 25.000,-

Munið:

Sótt er um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á félagavefnum!

Hægt að fá aðstoð á skrifstofu

Sjúkrasjóður FVSA

Greiðslur úr sjúkrasjóði á árinu 2012 voru mjög svipaðar og á árinu 2011, en þá voru greiðslurnar með allra mesta móti. Alls voru greiddir út 1.463 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins að upphæð um kr. 49,3 milljónir króna. Þetta er um 1,3 milljón-um króna hærra upphæð en árið áður. Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga, í fyrra voru þeir að upphæð um kr. 22,6 milljónir sem er rúmum 2,5 milljónum króna lægri upphæð en árið áður. Alls fengu 57 félagsmenn sjúkradagpeninga í fyrra, eða einum færri en árið á undan. Á aðalfundi félagsins í fyrra var samþykkt tillaga um breytingu á reglugerð sjúkrasjóðs og var samþykkt samhljóða að stytta dagpeningagreiðslur um tvo mánuði, eða úr sex niður í fjóra mánuði, þegar um langvarandi veikindi er að ræða.

Aðrir styrkir

Langflestir félagsmenn eru að nýta sér styrk vegna heilsuræktar. Rúmlega 600 félagsmenn fengu slíkan styrk á síðasta ári að upphæð um kr. 12,4 milljónir. Rúmlega 430 félagar fengu greiddar um 9,6 milljónir vegna sjúkrahjálfunar og sjúkranudds, um 1,3 milljónir fóru í gleraugnastyrki og lasik-augnaðgerðir og um 1,5 milljónir í dánarbætur.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriða sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, Stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns: Greidd 80 % launa í 4 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði

Styrkir

Greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar).

Reikningar þurfa að berast fyrir mánaðarmót.

- Sjúkraþjálfun: Greiðist 75% af reikningi
- Krabbameinsleit: Greiðist að hámarki kr. 5.000 á ári
- Líkamsrækt: 50% af reikningi, hámark kr. 25.000 á ári
- Sálfræðiþjónusta: 35%, hámark kr. 20.000 á ári
- Nudd utan TR: 35%, hámark kr. 20.000 á ári
- Gleraugnagler: 35%, hámark kr. 15.000 á 3ja ára fresti
- Vímuefnaðferð: Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur
- Glasa-/tækniþjónungun: 50% af meðferðarkostnaði, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti
- Lasik augnaðgerðir: 35% af aðgerð, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti
- Dánarbætur: kr. 300.000
- Dánarbætur: kr. 150.000 v/lífeyrisþega

Hámarksgræiðsla styrkja til hvers fullgilds félagsmanns er kr. 50.000.- á ári óháð inngreiðslu hans til félagsins.

„Kynnið ykkur hvað stéttarfélagin eru að gera“

Jónas Þór Sveinsson, annar af tveimur þjónustustjórum Flugfélags Íslands á Akureyrarflugvelli, fór sem fulltrúi félagsins á þing ASÍ-UNG sem haldið var á síðasta ári. „Félagið hafði samband við mig til að kanna áhuga á að fara á þing ASÍ-UNG og ákvað ég að grípa tækifærið. Ég fór á þingið og hef síðan þá verið aðeins virkari en áður innan félagsins.“

Jónas Þór segir að ASÍ-UNG sé mjög þarft verkefni. „Þetta var þing númer tvö, en stutt er síðan ASÍ-UNG var stofnað, og er ég viss um að þetta á bara eftir að verða betra er fram í sækir. Það var greinilegt á þinginu að á fyrsta starfsári þess þurfti að rífa marga gamla múra til að koma sjónarmiðum unga fólksins að.“

Hlutverk ASÍ-UNG er nokkuð skýrt. Það felst aðallega í því að kynna fyrir ungunum félagsmönnum réttindi þeirra og skyldur og starfsemi stéttarféлага. Því er einnig ætlað að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks í stefnu verkalýðshreyf-

ingarinnar og að rödd unga fólksins heyrist í starfi og stefnumótun stéttarfélaganna. „Því miður tel ég að hin svokölluðu bannorð í verkalýðshreyfingunni, eins og svört atvinnustarfsemi og jafnaðarkaup, séu algengari í yngri hópunum. Við þurfum að ná til unga fólksins. Ég veit að félagið hefur reynt að ná til hópsins með það að markmiði að virkja þá innan félagsins, en svörnin hefur ekki verið eins og stefnt var að. Einhverra hluta vegna höfðu stéttarfélagin ekki til ungs fólks í dag, það virðist bara hafa annað með tímann að gera eða hafa hreinlega ekki áhuga á þessu. Þiggur bara launin sín og eru ekkert að spá í hvort þau séu að fá rétt greitt fyrir sína vinnu.“

Þarf ekki að vera leiðinlegt

Jónas segir að rætt hefði verið um það hjá FVSA að stofna ungmennahreyfingu innan félagsins. „Ég vona að það verði að veruleika í náinni framtíð, segir Jónas Þór og hvetur alla yngri félagsmenn til að kynna sér hvað



stéttarfélagin eru að gera. „Það sem viðkemur verkalýðsbaráttu og stéttarfélagum þarf ekki að vera leiðinlegt, það getur bara verið alveg þrusu gaman. Það er mikilvægt að hafa þekkingu á því hvort verið sé að brjóta á milli með einhverjum hætti. Það er mjög vinalegt að kíkja á skrifstofu félagsins. Ég vil líka að lokum benda á tvær öflugar heimasíður sem gott er að kíkja á, www.fvsa.is og www.asiung.is.“

Félagsmenn FVSA að störfum

Félagsmenn FVSA vinna á fjölmörgum vinnustöðum á svæðinu. Starfsmaður félagsins var nýverið á ferðinni, heimsótti nokkra vinnustaði og tók myndir af félagsmönnum í vinnunni. Afrakstur ferðarinnar má sjá hér á opnunni.



Álnabær Akureyri.



Bílaleiga Akureyrar.



Bræðurnir Ormsson Akureyri.



BYKO Akureyri.



Eimskip-Flytjandi Akureyri.



Flugfélag Íslands.



Hagkaup Akureyri.



Húsasmíðjan Akureyri.



Heimilistæki-Tölvulistinn Akureyri.



Jónsabúð Grenivík.



Kristjánsbakarí Akureyri.



Landflutningar-Samskip Akureyri.



Ljósjafinn verslun Akureyri.



Olís Akureyri.



N1 Dalvík.



Premium Siglufirði.



Samherji hf. Akureyri.



Samkaup Úrval Dalvík.



Samkaup Úrval Ólafsfirði.



Shell Akureyri.



Tryggingamiðstöðin Akureyri.

„Þetta er svo gaman og gefandi“

Á aðalfundi félagsins hætti Friðbjörg Jóhannsdóttir störfum fyrir félagið, en hún hefur gegnt trúnaðarstörfum frá árinu 1988 er hún settist í fulltrúaráð félagsins. Hún sat í stjórn félagsins frá 2002 þar til í fyrra er hún gaf ekki kost á sér og tók sæti í varastjórn í eitt ár. Friðbjörg sem verður sjötug í haust hefur starfað í Samkaup á Dalvík í 35 ár.

„Ég var búin að vera trúnaðarmaður hérna á vinnustaðnum áður en ég settist í fulltrúaráðið, fyrst sem varamaður, svo aðalmaður og svo fór ég í stjórn félagsins árið 2002 og er búin að vera síðan,“ sagði Friðbjörg við tíðindamann blaðsins yfir kaffibolla í hádegishléi í vinnunni nýlega. „Í lok þessa árs verð ég búin að vinna hér á þessum vinnustað í 35 ár, ég er búin að vera svo lengi að það er meira að segja búið að heiðra mig tvisvar á þeim tíma.

Friðbjörg segist hafa setið í stjórn með fjórum formönnum, þeim Jónu, Páli, Guðmundi og nú Úlfhildi. „Þetta er búið að vera mjög skemmtilegur og lærdómsríkur tími og gefa mér mikið. Það eina sem mér finnst leiðinlegt er að mér hefur gengið illa að virkja vinnufélagana til að koma með mér inn á Akureyri á fundi. Auðvitað er skýring á því, við erum fá og við vinnum til klukkan sjö á kvöldin. Mér finnst svo gaman að taka þátt í starfinu að ég mæti svo að segja á alla fundi. Þetta er svo gaman og gefandi, fólkið er svo skemmtilegt í félaginu.

Á öllum þeim árum sem ég hef setið í stjórninni erum við búin að framkvæma mikið, eins og byggja ný orlofshús og endurbæta þau gömlu. Það er búið að vera svo mikið í gangi hjá okkur. Nú síðast var skrifstofuhúsnæðið allt endurnýjað og orðin meiri samvinna á milli félaga á þriðju hæðinni en áður var.“

- *Finnst þér félagsstarfið hafa breyst á þessum tíma?*

„Mér finnst fundarsókn vera betri í dag en þegar ég var að byrja. Það er sem betur fer vakning í þessum mál-



um og það jákvæða er að mér finnst að unga fólkið sé meira að koma inn til starfa fyrir félagið. Ég vona að það verði þannig áfram því félagið er svo gott og vill félagsmanninum svo vel. Það er nauðsynlegt að félagsmenn séu virkir, mæti á fundi og fylgist vel með hvað félagið er að gera. Það sem er komið nýtt inn varðandi t.d. fræðslu og upplýsingar er heimasíðan okkar. Þar er hægt að sækja allar upplýsingar sem vantar. Það er mikill munur að hafa svona góða heimasíðu, þegar ég var að byrja var ekkert slíkt í boði.“

Mikil félagsvera

„Ég er svo mikil félagsvera. Eins og ég sagði áðan verð ég búin að vinna hér í lok þessa árs í 35 ár og mér finnst alltaf jafn gaman að fara í vinnuna. Sumir segja að ég sé bara einn hluti af búiðinni. Fólk leitar mjög mikið til mín, enda búin að vera hér lengi. Það þekkja mig allir. 15. desember verð ég sjötug, en ég er svo frísk og hress að mig langar til að halda áfram að vinna. Ég veit þó ekki enn hvort

ég megi það, en það væri gaman að minnka bara aðeins við sig. Ef ég hætti að vinna þá eru áhugamálin bara trimmið, sundið og ferðast, bara njóta lífsins. Ég varð ekkja fyrir tveimur árum og hef nógan tíma til að gera það sem mig langar til. Ég kvíði því ekki að hætta en finnst samt synd ef ég fæ ekki að vinna eins lengi og mig langar.“

Verið virkari

Ég vil að lokum fá að koma þeim skilaboðum til félagsmanna að vera virk í félaginu. Fylgjast með hvað um er að vera, sækja fundi og kynnast fólkinu. Það er svo gaman. Það er alltaf viss kjarni sem er virkur, sem mætir á alla fundi, en ég hvet alla til að verða virkari félagsmenn. Skilaboðin sem ég vil senda út er að kynna sér betur félagið, fara inn á heimasíðuna, koma á fundi eða kíkja á skrifstofuna. Það er svo gott að leita til þeirra á skrifstofunni. Þetta er alveg úrvalsfólk sem vinnur allt í trúnaði,“ sagði Friðbjörg að lokum. ▣